



Hreppsnefnd 7. desember 2000

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 7. des. 2000 kl 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Ólafur Sigmarsson, oddviti, Alexander Árnason, Steindór Sveinsson og Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar. Síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 28. nóv. sl. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. mál. Bréf frá Kvennaathvarfinu í Reykjavík, þar sem farið er fram á styrk til reksturs athvarfsins. Vísað til fjárhagsáætlunar.
3. mál. Bréf frá Stígamótum dags. 19. nóv. sl. Lagt fram til kynningar.
4. mál. Landgræðsla ríkisins, bréf dag. 28. nóv., sl. Bréf barst um beiðni til styrktar landgræðslu. Vísað til fjárhagsáætlunar.
5. mál. Samb. ísl. Sveitarfélaga, bréf dags. 28. nóv. sl. varðandi merkingu landssvæða. Vísað til ferða- og atvinnumálanefndar til kynningar.
6. mál. Kolbeinsgata 48, erindi dags. 6. nóv. frestað á fundi hreppsnefndar þann 28. nóv. sl. Lögð fram umsögn frá lögræðingi Samb. ísl. Sveitarf. dags. 6. des. sl., þar sem lögð er til ákveðin málsmeðferð á fyrirliggjandi erindi. Samþykkt var að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við hlutaðeiganda á grundvelli umsagnarinnar.
7. mál. Samband ísl. Sveitarfélaga bréf dags. 30. nóv. sl., varðandi álagningarprósentur og bréf dags. 1. des. sl., þar sem kynntar eru breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og vatnsveitur sveitarfélaga. Sveitarstjóri greindi frá því að samþykktir hreppsnefndar um álagningarprósentur væru til samræmis við þær breytingar á lögnum sem hér væru kynntar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.
8. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2001, frumáætlun. Lagt fram fjármagnsyfirlit og frumdrög að fjárhagsáætlun 2001. Sveitarstjóri fór yfir frumáætlun Vopnafjarðarhrepps, Vopnafjarðarhafnar og félagslegra íbúða og skýrði ýmis mál. Greint var frá því að að ljúka ætti samþykkt fjárhagsáætlunar í janúar nk.
9. mál. Skíðalyfta, rafstöð o.fl. Sveitarstjóri skýrði frá tilboði í rafstöð við skíðalyftuna. Lægsta tilboð í nýja rafstöð fékkst frá Atlas að fjárhæð kr. 573 þús. fyrir utan vsk. Ennfremur hafði verið leitað eftir því hvort ekki væri mögulegt að fá keyptar notaðar rafstöðvar. Sveitarstjóri skýrði jafnframt frá því að verið væri að lagfæra afleggjara frá Strandhafnarvegi að skíðalyftu. Nokkur umræða var um framkvæmdir og rekstur lyftunnar. Samþykkt að fela sveitarstjóra að kanna kostnað við heimtaug frá RARIK og aðrar lausnir varðandi aðgengi og notkun lyftunnar og óskað eftir því að eigi síðar en á næsta fundi liggi fyrir kostnaðartölur. Í framhaldi af því verði endanlegar ákvarðanir teknar.
10. mál. Lántökur, Vopnafjarðarhrepps og Hafnarsjóðs árið 2000, lántökurheimildir, einnig tekið fyrir á síðasta fundi hreppsnefndar. Sveitarstjóri skýrði frá viðræðum við lánastofnanir og banka og lögð fram bréf til Hafnarbótasjóðs, Lánasjóðs Sveitarfélaga og Landsbanka Íslands. Lánsloforð lágu fyrir frá Hafnarbótasjóði upp á 8 millj. til framkvæmda við höfnina og Lánsjóði sveitafélaga að fjárhæð 20 millj., vegna framkvæmda við skólahúsnæði. Sveitarstjóri lagði fram svo hljóðandi tillögu:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga í samræmi við úthlutun stjórnar sjóðsins samtals að fjárhæð 20.000 þús. kr., vegna byggingu grunnskóla. Lán þetta er í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum, nú 4.5%, tryggt með vísitölu neysluverðs og til allt að 10 ára. Í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins samþykkir hreppsnefnd ennfremur að veita tryggingu í tekjum sveitarfélagsins, vegna lántökunnar sbr. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd Vopnafjarðar að heimila Hafnarsjóði að taka 8.000 þús kr. lán hjá Hafnarbóttasjóði á venjulegum kjörum sjóðsins.

Sveitarsjóra er falið að ganga frá lántökunum og undirrita nauðsynlega pappíra í því sambandi.”
Tillagan samþykkt samhljóða.

11. mál. Tilboð í sjúkra-og áætlunarflug tilkynning samgönguráðuneytis um niðurstöðu útboðs á sjúkra- og áætlunarflugi. Lagt fram til upplýsingar.

12. mál. Stefna í menningarmálum á Austurlandi, frestað á síðasta fundi hreppsnefndar 28. nóv. sl. Á fundinum 28. nóv. sl., var oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, ásamt sveitarstjóra falið að vinna að aðkomu sveitarfélagsins að drögum að samningi sveitarfélaga á Austurlandi við ríkisvaldið um stefnu í menningarmálum.

Lögð fram greinargerð þessara aðila frá 7. des. 2000, þar sem lýst er sjónarmiðum um framvindu mála og hvernig þeir telja eðlilegast að standa að frágangi mála í þessu sambandi. Miklar umræður urðu um þessi mál og hvernig best yrði haldið á þessum mikilvæga málaflokki sem menningin er. Hreppsnefnd samþykkti að fela ofangreindum aðilum að vinna áfram að málinu og koma sjónarmiðum sveitarfélagsins á framfæri.

13. mál. Kaupvangur, skipun nefndar um nýtingu og framhald framkvæmda.

Oddviti lagði fram svofellda tillögu:

“ Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að kosin verði þriggja manna nefnd er fjalla skuli um nýtingu og framhald framkvæmda við endurbyggingu Kaupvangs. Í nefndinni verði Aðalbjörn Björnsson, Árni Róbertsson og Emil Sigurjónsson. Sveitarstjóri vinni með nefndinni og sjái um að kalla hana saman.”

Tillagan samþykkt samhljóða.

14. mál. Ýmsar fundargerðir:

a) Fundargerð launanefndar sveitafélaga frá 15.11. sl.

b) Fundargerð stjórnar skólaskrifstofu Austurlands frá 24. 11. og aðalfundar skólaskrifstofunnar frá sama degi. Jafnframt ársskýrsla skrifstofunnar dags. 24. 11. 00.

c) Fundur stýrihóps norðursvæðis frá 1. des. sl. skipan í vinnu hópa.

d) Til fróðleiks eru einnig senda lög um brunavarnir.

Fleira var ekki gert og oddviti þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi.